

**Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál
Skuggasundi 3
101 Reykjavík.**

Reykjavík, 18. janúar 2016

Efni: Ákvörðun Skipulagsstofnunar 9. desember 2015, að nýting kalkþörungasetts í Miðfirði, 1.200 rúmmetrar á ári í 30 ár, skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Landssamband veiðifélaga kærir hér með þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að nýting á 1.200 rúmmetrum á ári af kalkþörungaseti í Miðfirði skuli undanþegin umhverfismati og gerir þá kröfu að felld verði úr gildi sú ákvörðun Skipulagsstofnunar, dagsett 9. desember 2015, að nýting kalkþörungasetts í Miðfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Málsatvik.

Fyrirtækið Icecal ehf., Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík, hefur sótt til Orkustofnunar um leyfi til árlegrar nýtingar á 1.200 rúmmetrum af kalkþörungaseti utan netlaga í Miðfirði í 30 ár frá og með 2015 til 2045. Samtals verði námuvinnslan á innan við 25.000 ferm. svæði og heildarmagn efnis 36.000 rúmmetrar. Jafnframt hefur fyrirtækið tilkynnt um þessa framkvæmd til Skipulagsstofnunar, sem hefur ákvarðað, að umrædd nýting kalkþörungasetts í Miðfirði skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Greinargerð.

Um leið og Landsamband veiðifélaga mótmælir ákvörðun Skipulagsstofnunar og krefjast þess að hún verði felld úr gildi má benda á eftirfarandi. Í Miðfjörð fellur ein gjöfulasta og besta laxveiðiá landsins, auk þess sem lax og silungur er bæði í Miðfjarðará og fleiri ám við fjörðinn. Þá er umtalsvert æðarvarp og fjölskrúðugt annað fuglalíf í og við fjörðinn, sem myndar samfellda heild fjölbreytts lífríkis. Lífríkið í heild, þ.m.t. lax- og silungsveiði, ásamt annarri nýtingu hlunninda, byggir á góðri ímynd og óröskuðu umhverfi, sem er í verulegri hættu með aukinni umferð og umsvifum sem námuvinnslu fylgir.

Enginn veit hvaða áhrif þessi fyrirhugaða námuvinnsla af botni Miðfjarðar, rétt utan við ós Miðfjarðará, getur haft á laxagöngur og bleikjugöngur og annað lífríki í firðinum og á vatnasvæðis áa og fjarðarins í heild. Lax- og silungsveiði, ásamt fleiri hlunnindum kann að vera í stórhættu ef af fyrirhugaðri námuvinnslu af hafsbotni verður með tilheyrandi uppróti og kalkþörungaskoli í firðinum. Sérstaklega hlýtur sú hættu að eiga við á göngutíma seiða til sjávar og á tíma göngulax og silungs í ár, ásamt hættu fyrir aðra þætti í lífríkinu.

Áður en til greina kemur að heimila þessa framkvæmd, er brýn nauðsyn að framkvæma margvíslegar rannsóknir á náttúru svæðisins og láta fara fram umhverfismat vegna áhrifa framkvæmdarinnar, sem ætla má að geti stefnt lífríki svæðisins á svæðinu í stórhættu vegna fyrirhugarar námuvinnslu.

Benda má á varúðarreglu í 9. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sbr. lög nr. 109/2015 og 73. gr. EES samningsins. Þar er sérstaklega fjallað um þá varúð sem viðhafa skal við röskun á umhverfi og náttúru, m.a. vegna atvinnurekstrar.

Stærð framkvæmdar, staðsetning og áhrif.

Framkvæmdaaðili hefur tilkynnt um vinnslusvæði rétt undir viðmiðunarmörkum flatarmáls námusvæðisins skv. mgr. 2.04 í I. viðauka laga nr. 106/2000, sem fjallar um röskun hafsbots á minna en 25.000 fermetra svæði, og flokkar slíka röskun undir C flokk framkvæmda. Framkvæmdir samkvæmt C flokki eru þær sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar, hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt I. viðauka laganna skal athuga;

- a) Eðli framkvæmdar, m.a. með tilliti til stærðar og umfangs framkvæmdar og mengunar og ónæðis.
- b) Staðsetningu framkvæmdar. Hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, t.d. svæði sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Bernarsamningnum (verndun villtra planta og dýra og lífsvæða í Evrópu).
- c) Eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi áðurnefndra viðmiðana í I. viðauka einkum með tilliti til t.d. umfangs umhverfisáhrifa og þess hverjar líkur eru á áhrifum o. fl.

Því er augljóst að ekki er nægjanlegt að taka aðeins tillit til stærðar námusvæðis (sem oft er tilgreint rétt undir viðmiðunarmörkum), heldur einnig til eðlis framkvæmdar, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.

Þessi niðurstaða laga nr. 106/2000 er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 85/337/EBE, þar sem segir að gera skuli allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að áður en leyfi er veitt sé þess krafist að framkvæmdir sem geta haft í för með sér veruleg áhrif á umhverfið, m.a. vegna eðlis þeirra, umfangs- eða staðsetningar, séu háðar kröfum um leyfi til framkvæmda og mati á áhrifum þeirra.

Dómar sem líta ber til.

Evrópudómstóllinn hefur fjallað um framangreind ákvæði tilskipunar 85/337/EBE (nú tilskipunar 2011/92/ESB) í nokkrum dómum sínum. Skal hér getið nokkurra dóma:

Í dómum í málum C-392/96, Framkvæmdastjórnin gegn Írlandi og C-435/09, Framkvæmdastjórnin gegn Belgíu, bendir dómstóllinn á að lítil framkvæmd geti haft mikil áhrif á umhverfið ef framkvæmdin er staðsett þar sem umhverfisþættir, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar, eins og fána og flóra, jarðvegur, vatn, loftslag eða menningarleg arfleifið eru viðkvæmir fyrir minnstu breytingum.

Í dómum í máli C-435/97, WWF og aðrir gegn Autonome Provinz Bozen og í máli C-87/02, Framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu, kemst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að hvaða aðferð sem aðildarríki ákveður að verði notuð til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar, hvort sem um er að ræða notkun lögbundinna viðmiða eða að hvert tilvik verði skoðað fyrir sig, megi sú aðferð ekki grafa undan markmiðum tilskipunarinnar. Markmið tilskipunarinnar er að engin framkvæmd, sem er líkleg til að hafa veruleg áhrif á umhverfið í skilningi tilskipunarinnar, verði undanþegin mati á umhverfisáhrifum, nema að sú framkvæmd hafi á grunni víðfeðmrar skimunar ekki verið talin hafa slík áhrif.

Í dómi í máli C-72/95 kemur fram að jafnvel þó að 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar veiti aðildarríkjum svigrúm til að tilgreina að ákveðnar tegundir framkvæmda eigi að vera

háðar mati á umhverfisáhrifum eða til að tilgreina þau viðmiðunarmörk eða þröskulda sem við eigi, þá séu því svigrúmi takmörk sett með þeirri skyldu sem fram komi í 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, en þar segir að framkvæmdir, sem eru líklegar vegna eðli, stærðar eða staðsetningar til að hafa veruleg áhrif á umhverfið, eigi að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Ofangreindir dómar Evrópuþingmanna og áðurgreind lagaákvæði og tilskipunarákvæði og ákvæði EES samningsins staðfesta, að umrædd námuvinnsla á botni Miðjarðar eigi að sæta mati á umhverfisáhrifum.

Lokaorð.

Skipulagsstofnunar hefur ekki rannsakað málið sérstaklega með sjálfstæðum hætti, né með tilliti til allra þeirra atriða sem máli skipta, áður en hún tók ákvörðun sína.

Því er það krafa Landssambands veiðifélaga að umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamband veiðifélaga

Jón Helgi Björnsson,
formaður